til laga um mælitæki og vogaráhöld.

(Eftir 2. umr. í Nd.)

1. gr.

Hver sú verslun, sem mæla skal varning eða vega, skal til þess nota mælitæki eða vogaráhöld, sem löggilt eru og löglega stimpluð. Tæki þessi og áhöld skulu sæta eftirliti af hálfu stjórnarvalda þeirra, er til þess eru nefnd í lögum þessum; en skylt er engu að síður þeim, er þau tæki nota við afhendingu eða móttöku vöru, að sjá um að þau sjeu rjett.

Öll mælitæki og vogaráhöld, sem notuð eru til þess að ákveða upphæð tollgjalda til landssjóðs, eða til þess að byggja á þeim vottorð um vigt eða mæli, eða og til annars, sem ákveðið kann að verða, skulu vera löggilt og eftirliti háð.

2. gr.

Löggilding mælitækja og vogaráhalda hafa lögreglustjórar í kaupstöðum á hendi. Löggildingin fer fram á þann hátt, að stimplað er á tækin löggildingarmerki, sem er fangamark Kristjáns konungs X. með kórónu, og auk þess merki, er gefi til kynna, hvaða ár löggildingin hafi farið fram.

3. gr.

Mælitæki og vogaráhöld, sem flutt eru til landsins frá útlöndum til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr., skulu vera löggilt af opinberri löggildingarstofnun í því landi, sem þau eru búin til í, enda sje þar notað sama mál og vog, sem hjer er lögleitt. Slík tæki skulu ekki vera löggildingarskyld hjer á landi meðan þau reynast rjett og eru óskemd.

4. gr.

Heimilt er hverjum þeim, sem vogaráhöld og mælitæki þarf að nota, að kaupa þau hvar sem best þykir, enda sje gætt fyrirmæla 3. gr., ef tækin eru útlend, og eigi má nota þau til þess, er ræðir um í 1. gr., fyr en lögreglustjóri hefir löggilt þau, nema svo standi á sem segir í 3. gr.

5. gr.

Lögreglustjórum er skylt að sjá um, að kaupmenn og kaupfjelög noti eingöngu löggilt mælitæki og vogaráhöld, og yfirleitt, að haldin sjeu þau ákvæði, sem sett eru um notkun slíkra tækja. Þeir geta fyrirvaralaust látið skoða áhöld og tæki til mælis og vogar hjá öllum, sem þau nota eða nota ber, og rannsakað, hvort fylgt hefir verið rjettilega fyrirmælum laga þessara.

Lögreglustjórar í kaupstöðum og hreppstjórar í kauptúnum og sveitum skulu á þriggja ára fresti skoða og rannsaka öll mælitæki og vogaráhöld, sem ætluð eru til notkunar þeirrar, er ræðir um í 1. gr. Skulu hreppstjórar gefa skýrslu um þessa skoðun til sýslumanna, en sýslumenn og lögreglustjórar til stjórnarráðsins.

6. gr.

Nú reynist vogaráhald eða mælitæki skakt eða ónákvæmt við skoðun samkv. 5. gr., eða slikt kemur í ljós á annan hátt, og er þá óheimilt að nota áhaldið eða tækið fyr en viðgerð hefir fram farið á því og áhaldið eða tækið verið löggilt að nýju.

7. gr.

Vörumatsmönnum og löggiltum vigtarmönnum skal skylt að athuga, bæði hvort tæki þau, sem notuð eru, sjeu rjett löggilt og merkt og hvort tækin í raun og veru sjeu rjett, og ber lögreglustjórum að veita þeim nauðsynlegar leiðbeiningar um það og þann stuðning, sem með þarf.

8. gr.

Lögreglustjórum ber engin sjerstök borgun fyrir hið almenna eftirlit eftir þessum lögum. Fyrir hina almennu skoðun samkv. 5. gr. skal ríkissjóður greiða lögreglustjórum í kaupstöðum útlagðan kostnað þeirra eftir sanngjörnum reikningi, en um greiðslur til hreppstjóra fer eftir 7. gr. laga nr. 64, 14. nóv. 1917.

Fyrir löggildingu ber lögreglustjórum borgun frá eigendum tækjanna, eftir gjaldskrá, er ráðherra setur.

9. gr.

Ráðherra setur reglugerð um framkvæmd laga þessara.

10. gr.

Brot á lögum þessum eða reglugerðum, sem settar kunna að verða samkvæmt lögunum, varða sektum til landssjóðs, frá 5—200 kr., nema þyngri hegning liggi við að lögum.

11. gr.

Með lögum þessum eru úr gildi numin lög nr. 78, 14. nóv. 1917, um mælitæki og vogaráhöld.

12. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.